

Þjóðlagasetrið á Siglufirði
b.t. Gunnsteins Ólafssonar
Sjávargata 19
225 Álftanes

Fjallabyggð, 16. júní 2020
Nr. erindis 2005077 / GSG

Neðangreint erindi var tekið fyrir á 656. fundi bæjarráðs Fjallabyggðar þann 16. júní 2020.

Bréf til bæjarráðs - Styrkur til Þjóðlagaseturs sr. Bjarna Þorsteinssonar

Eftirfarandi var bókað:

Lagt fram erindi Gunnsteins Ólafssonar f.h. Þjóðlagaseturs sr. Bjarna Þorsteinssonar dags. 25.02.2020, þar sem fram kemur að stjórn setursins hefur ákveðið að Þjóðlagahátíðin á Siglufirði sem halda átti dagana 1. - 5. júlí, verður ekki haldin í ár vegna Covid-19. Í stað þess verða haldnir fernir tónleikar í Siglufjarðarkirkju sumarið 2020. Sótt hefur verið um styrk til Tónlistarsjóðs vegna þeirra. Fjallabyggð samþykkti styrk til þjóðlagahátíðar 2020, kr. 800.000 og kr. 800.000 til Þjóðlagaseturs. Óskað er eftir því að bæjarráð Fjallabyggðar veiti umræddan styrk til Þjóðlagahátíðar 2020, til Þjóðlagasetursins vegna rekstrarvanda safnsins árið 2020. Styrkur frá Samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) til Þjóðlagaseturs árið 2019 var kr. 1.600.000 en í ár kr. 1.000.000. Viðbótarstyrkur frá Fjallabyggð er nauðsynlegur til að brúa þetta 600.000 króna bil, svo setrið verði ekki rekið með halla árið 2020. Þá má einnig gera ráð fyrir lægri tekjum í ár vegna fækkunar erlendra ferðamanna sem voru 60% gesta á árinu 2019. Sú staðreynd sýnir fram á enn ríkari þörf á að Fjallabyggð veiti Þjóðlagasetrinu þann styrk sem annars var ætlaður Þjóðlagahátíðinni sumarið 2020.


Bæjarráð hafnar því að veita styrk sem ætlaður var til Þjóðlagahátíðar árið 2020 til reksturs safnsins og áréttar að styrkir verða ekki greiddir út vegna hátíða eða viðburða sem ekki fara fram á árinu 2020.

Í ljósi rekstrarvanda safnsins samþykkir bæjarráð að veita safninu styrk sem samsvarar launakostnaði sveitarfélagsins við eitt sumarátaksstarf námsmanns í tvo mánuði og vísar kostnaði kr. 414.000 í viðauka nr. 18/2020 við deild 05810, lykill 9291 og að honum sé mætt með lækkun á handbæru fé.

Þessi afgreiðsla bæjarráðs tilkynnist hér með.

Bæjarráð fer með fullnaðarafgreiðslu mála í sumarleyfi bærarstjórnar í samræmi við 32. grein samþykktar um stjórn Fjallabyggðar.

Fjallabyggð



Virðingarfyllst,
f.h. bæjarráðs Fjallabyggðar


Guðrún Sif Guðbrandsdóttir
Deildarstjóri stjórnsýslu- og fjármála



Fjallabyggð
Deildarstjóri
stjórnsýslu- og
fjármála